



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 2. desember 2025
2512118/502.01 GEF

Efni: Úthlutunarskilmálar fyrir lóðir í Vatnsendahvarfi. Ágrip.

Lagðir eru fram til samþykktar úthlutunarskilmálar fyrir lóðir í Vatnsendhvarfi.

Enn eru 20 lóðir lausar til úthlutunar í Vatnsendahvarfi. Um er að ræða 19 einbýlishúsalóðir og 1 parhúsalóð.

Eru úthlutunarskilmálarnir í megindráttum óbreyttir frá fyrri úthlutunum. Eftirfarandi breytingar eru þó lagðar til:

- Í stað þess að aðilar láti fylgja með tilboði sínu fylgigögn sem kveðið er á um í 6. gr. (lögaðilar) og 7. gr. (einstaklingar) í úthlutunarskilmálunum, er lagt til að Kópavogsbær kalli sérstaklega eftir þeim gögnum ef að tilboð viðkomandi aðila kemur til greina. Tilboðsgjöfum er veittur 14 daga frestur til að skila greindum gögnum frá því að beiðni berst. Ef gögnum er ekki skilað innan tilskilins frest telst tilboð viðkomandi aðila ógilt.

Lagt er til að lágmarksverð haldist óbreytt.

Lagt er til að tilboðsfrestur verði a.m.k. 4 vikur frá birtingu úthlutunarskilmála á heimasíðu Kópavogsbæjar og fjölmiðlum.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

